



## Stjórnarfundur hjá FsS þriðjudaginn 7. 2. 2017

### Haldinn að Víðihvammi 10 í Kópavogi k. 10.20

Mættir: María E. Ingvadóttir, Hannes Lentz, Sigríður Heiðmundsdóttir, Sigríður Hjartar, Örn Karlsson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Samningur um styrk vegna skógarvinnslu á Suðurlandi milli Uppbyggingarsjóðs Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga annars vegar og Félags skógareigenda á Suðurlandi er tilbúinn til undirritunar og stjórn FsS hefur samþykkt hann fyrir sitt leyti. Horft er til félagsfundar til kynningar og formlegrar undirritunar 17. febrúar.  
Mikið hefur verið rætt um vinnslu skógarafurða á fundum félagsins undanfarin ár og síðast í fréttabréfinu 7. des. 2016. Eins og þar kemur fram er styrkurinn veittur til áhersluverkefna hjá félagasamtökum en ekki fyrirtækjum. Markmiðið er að byggja upp nýja atvinnugrein á Suðurlandi við úrvinnslu og marrkaðssetningu á íslenskum skógarafurðum og verkefnið felst í örsuttu máli í undirbúningi og stofnun rekstrarfélags sem mótar stefnu, greinir tækifæri í úrvinnslu og makaðssetningu skógarafurða. Styrkurinn nemur 6.000.000.-
3. Þrátt fyrir þennan góða stuðning er björninn alls ekki unninn. Sækja þarf um styrk til LSE til afurðamála.
4. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur með ákvörðun á síðasta ári gefið gott fordæmi með styrk til bújarða í skógrækt, sem beint er til bænda í Húnavatnssýslu. Þannig stuðningur kæmi bændum á félagssvæði FsS að góðum notum og myndi hvetja enn fleiri bændur til að huga að skógrækt í atvinnuskyni jafnhliða hefðbundnum búskap.
5. Á starfssvæði FsS, svo sem í Skaftafellssýslu og Reykjanesi, eru ýmis svæði sem eru erfið viðureignar en þó að mörgu leiti álitleg til skógræktar. Spurning er hvort Skógræktin geti komið þar inn með sérstakan stuðning.
6. Innheimta félagsgjalda hefur gengið vel, þótt enn sé dálítið útistandandi. Fjárhagur félagsins er því þökkalegur sem ekki veitir af þegar svo mikið er á döfinni eins og sést í lið 2.
7. Fagráðstefna skógræktarinnar verður haldin í Hörpu dagana 23.-24. mars. Dagskráin er mjög fjölbreytt enda jafnframt minnst 50 ára afmælis starfsins að Mógilsá. Félagar eru minntir á mikilvægi þess að skrá sig.
8. Aðalfundur FsS verður haldinn í maí en fundarstaður og fundartími er í mótun.
9. Jónsmessugangan ómissandi verður farin á hefðbundnum tíma í kringum Jónsmessuna 24.6.. Allar vísendingar um athygliverð skógarsvæði í eigu félagsmanna vel þagnar.

Fundi slitið kl 12.20. Fundarritari Sigríður Hjartar